

Ólafur Björgvin Jónsson, ráðunautur

Afhending 2012/43

Ólafur Björgvin Jónsson fæddist á Freyshólum á Völlum á Fljótsdalshéraði þann 23. mars 1895. Hann lauk prófi sem búfræðingur árið 1917 og varð síðan kandídat í búvísindum frá Konunglega Landbúnaðar- og dýralæknaháskólanum í Kaupmannahöfn.

Hann var ráðinn framkvæmdastjóri Ræktunarfélags Norðurlands við heimkomuna frá Kaupmannahöfn árið 1925, starf sem Ólafur sinnti um 40 ára skeið. Hann stundaði rannsóknir á ýmisskonar ræktun og garðyrkju, miðlaði upplýsingum og var ritstjóri ársrits félagsins. Eftir að starfi hans lauk hjá Ræktunarfélaginu var hann ráðinn sem ráðunautur í nautgriparækt hjá Sambandi Nautgriparæktar Eyjafjarðar. Þar sinnti hann rannsóknum og leiðbeindi bændum um kynbótastarfssemi.

Samhliða búvísindastörfum vann Ólafur einnig að útgáfu nokkurra rita. Árið 1945 kom út bókinn Ódáðahraun í 3 bindum, þar sem Ólafur rekur sögur og sagnir ásamt munnmælum og þjóðsögum um svæðið, auk þess að segja frá fjölda mörgum ferðum sínum um hraunið. Árið 1957 kom svo önnur bók hans út, Skriðuföll og snjóflóð, þar sem hann tíundar hinar ýmsu frásagnir af ofanflóðahamförum víðsvegar að af landinu. Þriðja fræðibók Ólafs, Berghlaup, kom svo út árið 1976. Í viðbót við fræðibækur orti Ólafur einnig ljóð og skrifaði endurminningar sínar, Á tveimur jafnfljótum, í tveim bindum sem komu út árið 1971 og 1972.

Ólafur var gerður að heiðursfélagi í Búnaðarsambandi Eyjafjarðar árið 1955, í Ræktunarfélagi Norðurlands árið 1966 og í Búnaðarfélagi Íslands árið 1967. Þá var Ólafur einnig sæmdur fálkaorðunni fyrir störf sín árið 1942.

Árið 1925 kvæntist Ólafur Guðrúnu Halldórsdóttur frá Reykjavík. Þau bjuggu lengst af á Akureyri og eignuðust þrjú börn. Ólafur lést árið 1980.

Það var Jóhannes Sigvaldason sem afhenti gögnin. Aðrar afhendingar með efni frá sama skjalamyndara eru 949 og 1108.

Héraðsskjalasafnið á Akureyri
24. mars 2020

Sunnefa Lind Þórarinsdóttir
Skjalavörður

Héraðsskjalasafnið á Akureyri

Geymsluskrá

Skrán.nr.	Örk	Efni	Ath.	
A-Ólafur Björgvin Jónsson				
A-Ólafur Björgvin Jónsson		1918 - 1923		
Ólafur Björgvin Jónsson (1895-1980), ráðunautur			2012 / 43	
2012 - A / 1	1	1918- 1918	Dagbók, skrifuð í janúar og febrúar 1918	23,6 x 8,4 cm ib.
2012 - A / 1	2	-	Listi yfir skaða og skaðaveður. Listinn nær yfir atburði frá 1800 til 1959; efnisyfirlit yfir frásagnir í bókinni Knútsbylur, safnað af Halldóri Pálssyni	Laus blöð, voru inni í A-1-1
2012 - A / 1	3	1923- 1923	Dagbók skrifuð í sumarfríi 1923	11,4 x 7,8 cm ib.